

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2023, miðvikudaginn 25. janúar, kl. 09:10 var haldinn 255. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Líf Magneudóttir, Marta Guðjónsdóttir, Pawel Bartoszek, Unnur Þöll Benediktsdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Helga Þórðardóttir og Trausti Breiðfjörð Magnússon. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Guðmundur Hersveinn Sigursteinsson, Inga Rún Sigurðardóttir og Dagný Alma Jónasdóttir. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dags. 17. janúar 2023. USK22120096
2. Lögð fram og kynnt ársskýrsla Byggingarfulltrúans í Reykjavík fyrir árið 2022 ásamt yfirliti yfir úrskurði kærumála 2022 hjá Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála.

Nikulás Úlfar Másson, byggingarfulltrúi tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23010174

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í skýrslunni er yfirlit yfir samþykkt byggingarmagn á árinu 2022 og það borið saman við byggingarmagn síðustu ára. Í Fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar voru 1.062 nýjar íbúðir skráðar fullgerðar og teknar í notkun á árinu 2022. Mótteknir uppdrættir eru hlutfallslega fáir 2022. En svo má spyrja hvort þessar tölur séu áreiðanlegar. Komið hefur í ljós að mælaborð borgarinnar yfir uppbyggingu húsnæðis á vefsíðu Reykjavíkurborgar er ekki í samræmi við mælaborð Húsnæðis og mannvirkjastofnunar en það er mælaborð sem er rauntímauppbygging á húsnæði á landinu öllu. Það eru tvö mælaborð í gangi, sem er út af fyrir sig afar sérstakt, þ.e. að Reykjavíkurborg skuli fjárfesta í slíku þegar HMS hefur þetta aðallega á sinni könnu. Svo virðist sem ekki sé tenging þarna á milli en gerð mælaborðs af þessu tagi hlýtur að kosta peninga og tíma. Ef leggja ætti mat á þessar upplýsingar þá er lítil gangur í byggingargeiranum og klárlega ekki nóg byggt sem er ávísun á að íbúðaverð verði enn hátt. Fram kemur að mesta byggingarmagn var samþykkt árið 2018. Meirihlutinn hefur klifað stöðugt á því að aldrei hafi verið byggt eins mikið í Reykjavík og nú en það er ekki rétt samkvæmt þessari ársskýrslu.

3. Lögð fram fundargerð SORPU bs., nr. 475, dags. 9. desember 2022. USK23010167

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Liður 5 og 6. Gallamál sem tengjast GAJU voru til umræðu undir þessum lið en engar niðurstöður eru birtar sem er bagalegt. Borgarbúar, meirihlutaeigendur SORPU, hafa ekki grænan grun um hvað fer fram bak við tjöldin í SORPU. Þetta getur varla talist góð stjórnsýsla eða gagnsæi til eigenda. Alvarleg mistök voru gerð hjá SORPU á síðasta kjörtímabili og er margt ennþá óljóst í þeim efnum. Til dæmis liggur ekki fyrir heildarkostnaður vegna byggingar GAJU, gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU bs. Endanlegar upplýsingar um kostnað vegna galla

liggja ekki fyrir og heldur ekki hver kostnaður hefur verið af málaferlum, endurbótum og viðgerðum sem gerðar hafa verið.

4. Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 12. og 19. janúar 2023. USK23010150
5. Lögð fram umsókn Faxaflóahafna sf., dags. 14. nóvember 2022, ásamt bréfi, dags. 11. nóvember 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka, Klettavæðis vegna lóðanna nr. 6, 8 og 10 við Skarfagarða. Í breytingunni sem lögð er til felst sameining lóðanna, afmörkun lóðar breytist og stækkar til norðurs, bætt er við nýjum byggingarreit og núverandi byggingarreitur fellur niður, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta 16. janúar 2023. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.  
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs. SN220719
6. Kynning á ljósmyndaverkefni sem unnið er í samvinnu skipulagsfulltrúa og Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Guðbrandur Benediktsson, forstöðumaður Borgarsögusafns tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23010232

7. Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn K.J.ARK slf., dags. 20. júlí 2022, um breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að skipta upp lóðinni í fjórar lóðir, breyta byggingareitum, færa innkeyrslur til ásamt því að bæta einni við og hækka/samræma hæðina á húsunum óháð því hvort um veggghæð eða mænishæð er að ræða, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf., dags. 19. júlí 2022. Einnig lagður fram tölvupóstur íbúaráðs Kjalarness dags. 3. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir framlengdum athugasemdartíma. Tillagan var auglýst frá 27. september 2022 til og með 24. nóvember 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: íbúaráðs Kjalarness, dags. 3. nóvember 2022, og Sigríður Ingólfssdóttir, dags. 8. nóvember 2022. Einnig er lögð fram ábending Veitna, dags. 7. október 2022. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. janúar 2023. Lagt er til að tillagan verði samþykkt.  
Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs. SN220460
8. Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar. Í breytingunni felst að lóðarmörk við Einimel 18-26 eru færð út sem nemur 3,1 m og minnkar lóð Vesturbæjarlaugar sem því nemur, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Eflu dags. 27. janúar 2022, br. 30. nóvember 2022. Tillagan var auglýst frá 2. mars 2022 til og með 13. apríl 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingu: Þórhallur Ólafsson dags. 25. febrúar 2022, Jónína Ólafsdóttir dags. 2. mars 2022, Guðný Kjartansdóttir dags. 2. mars 2022, Ólafur Jóhannsson dags. 2. mars 2022, Daði Þorsteinn Sveinbjörnsson dags. 8. mars 2022, A. Hlín Brynjólfssdóttir dags. 17. mars 2022, Andri Ólafsson dags. 18. mars 2022, Sigríður Guðmundsdóttir dags. 21. mars 2022, Jón Gunnar dags. 21. mars 2022, Jónas Þór Snæbjörnsson dags. 21. mars 2022, Filipus Th Ólafsson dags. 21. mars 2022, Rósa Björk Gunnarsdóttir dags. 21. mars 2022, Ævar Rafnsson dags. 21. mars 2022, Gylfi Garðarsson dags. 22. mars 2022, Ólafur Örn Jónsson dags. 22. mars 2022, Árni Snævarr dags. 23. mars 2022, Snorri Þór Sigurðsson dags. 23. mars 2022, Björn B. Björnsson dags. 29. mars 2022, Teitur Atlason dags. 9. apríl 2022, Örn Úlfar Sævarsson

dags. 12. apríl 2022 og Stefán A. Svensson f.h. íbúa Einimels 22, 24 og 26 dags. 13. apríl 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. nóvember 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að málinu verði frestað.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. nóvember 2022.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn tillögunni.

Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá.

Vísað til borgarráðs USK22120092

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að hægt sé að leysa úr lóðamálum á opna svæðinu við Vesturbæjarlaug með nýrri deiliskipulagstillögu. Tillagan gerir ráð fyrir að almenningssvæðið stækki umtalsvert frá því sem reyndin er nú. Málið er flókið og á sér langa sögu. Í þeim tilvikum þar íbúar vilja halda í hluta af lóðunum þurfa þeir að greiða fullt verð fyrir.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrirliggjandi tillaga felur í sér að mörk nokkurra einkalóða eru færð út um allt að 3,1 metra og að Sundlaugartúnið, sem er borgarland, minnki sem því nemur. Með breytingunni mun Sundlaugartúnið minnka um nokkur hundruð fermetra. Slíkt er óforsvaranlegt. Skortur er á grænum svæðum í Vesturbænum þar sem þeim hefur farið fækkandi á undanförunum árum. Með þessari ákvörðun heldur meirihluti Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar áfram á þeirri braut. Sundlaugartúnið er vinsælt leiksvæði barna og unglinga en með þessari ákvörðun er dregið úr möguleikum til notkunar þess og frekari þróunar sem almenningssvæðis. Stækkun einnar lóðarinnar um þrjá metra til norðurs er sérstakt áhyggjuefni. Með því er gengið á hverfisstíg, sem þjónar gangandi og hjólandi umferð margra Vesturbæinga. Til dæmis þeirra er sækja leikskólann Vesturborg, Melaskóla, Vesturbæjarsundlaug, grenndargáma við túnið og þjónustu bakarís og verslana við Hofsvallagötu. Stígurinn er þröngur og frekar ætti að leita leiða til að breikka hann en festa þrengingu hans í sessi eins og hér er lagt til.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Því skal haldið til haga að þó svo lögleg lóðamörk séu færð utar og lóðahafar greiði fyrir það, þá eru girðingar sem hafa staðið til áratuga færðar innar og opið borgarland stækkar til muna með þessu samkomulagi.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Sósíalistar mótmæla því að lóðarmörk við Einimel 22-26 séu færð út og yfirtaki hluta af lóð við Vesturbæjarlaug sem er í eigu borgarbúa. Íbúar í einbýlishúsum við Einimel reistu girðingar inn fyrir það svæði og hindruðu þannig aðgang að

almannalóð. Í stað þess að segja að slíkt sé óboðlegt ætlar borgin að gefa undan og stækka lóð viðkomandi. Með því er verið að setja slæmt fordæmi sem sendir þau skilaboð að með því að taka almannalóðir af borginni sé möguleiki á að hún gefi undan. Fulltrúi Sósíalista veltir því fyrir sér hvar slíka undangjöf er að finna gagnvart fátækum borgarbúum sem er oft og tíðum mætt með stálhnefa.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Færa á lóðarmörk við Einimel 18-26 sem nemur 3,1 m og minnkar lóð Vesturbæjarlaugar sem því nemur. Íbúar fá leyfi meirihlutans til að stækka lóð sína inn á tún Vesturbæjarlaugar. Ár er liðið frá því að tillögu um breytingu á lóðamörkum við Vesturbæjarlaug var fagnað og tilkynnt að sátt væri um málið. Samkvæmt athugasemdum í gögnum er greinilegt að þessi sátt var eingöngu sátt á milli meirihlutans og lóðareigenda. Haft var eftir meirihlutnum í bókun frá 2022 að með breytingunni stækkaði túnið miðað við raunverulega stöðu síðustu áratuga. Flokki fólksins finnst þetta sérkennileg röksemdafærsla því borgin á þetta land. Íbúar við Einimel fá leyfi meirihlutans til að stækka lóð sína inn á tún Vesturbæjarlaugar. Fulltrúi Flokks fólksins finnst verulega hæpið að leyfa stækkun lóða sem gengur á almennt grænt svæði. Eftir auglýsingu tillögunnar kemur fram mikil andstaða sem er eðlilegt enda fer landið úr almenningsseigu í einkaeigu. Hér er um dýrmætt svæði að ræða og verðmæti sennilega það hæsta á öllu landinu. Landrými á þessu svæði er eftirsótt. Flokkur fólksins telur að þarna sé verið að minnka möguleikana á að skapa fjölreytt útivistarsvæði við Vesturbæjarlaug.

9. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 12. janúar 2023 þar sem lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki þá aðferðafræði við forgangsröðun borgargatna í Reykjavík sem lýst er í meðfylgjandi skjali. Greinargerð fylgir tillögunni. Einnig er lögð fram kortlagning á stöðu borgargatna frá VSO ráðgjöf, ásamt greinargerð, dags. júní 2022, uppfært í desember 2022 ásamt yfirliti yfir borgargötur - stöðumat. Frestað. USK22100096
10. Lagt fram bréf Félag atvinnurekenda um samstarfsverkefni um nýtingu rafbíla við vörudreifingu í miðborg Reykjavíkur. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. MSS22100082

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta gott eirndi og tekur heilshugar undir 1. lið þess sem er að borgin veiti í undanþágu frá reglum um hámarkslengd vörubifreiða sem nota má við vörudreifingu í miðborginni. Núgildandi reglur kveða á um 8 metra hámarkslengd, en Volvo-bíllinn sem Ölgerðin hefur tryggt sér er 8,5 metrar svo dæmi sé tekið. Varðandi lið 2 þar sem óskað er heimildar að rafknúnum vörubifreiðum verði leyft að aka á sérakreinum sem eingöngu strætó, leigubílum og neyðarumferð er heimilt að nota í dag skal hafa í huga að það mun þá tefja umferð á sérakreinum. Ef þessi fengju líka forgang þá þurfa aðrir að bíða. Að veita forgang kostar aðra alltaf eitthvað.

11. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 14. nóvember 2022, ásamt kærnu nr. 127/2022, dags. 14. nóvember 2022, þar sem sem kærð er ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 22. september 2022 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Mela vegna lóðarinnar nr. 66 við Reynimel, sbr. samþykkt umhverfis- og

skipulagsráðs 14. september 2022. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 3. janúar 2023. SN220751

12. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 2. desember 2022, ásamt kæru nr. 135/2022, dags. 2. desember 2022, þar sem kærð er ákvörðun um breytingu á deiliskipulagi fyrir Reynimel 66, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1218/2022, útgefin 8. nóvember 2022. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 3. janúar 2023. SN220800
13. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um lýsingartíma við götur og göngu- og hjólastíga, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23. nóvember 2022. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu borgarlandsins, dags. 16. janúar 2023.  
Frestað. USK22110142
14. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um bættu nýtingu á bílastæðum við ráðuneyti á Lindargötu, sbr. 55. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. ágúst 2022. Einnig er lagt fram svar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 19. janúar 2023 USK22080114

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta gott eirndi og tekur heilshugar undir 1. lið þess sem er að borgin veiti í undanþágu frá reglum um hámarks lengd vörubifreiða sem nota má við vörudreifingu í miðborginni. Núgildandi reglur kveða á um 8 metra hámarks lengd, en Volvo-bíllinn sem Ölgerðin hefur tryggt sér er 8,5 metrar svo dæmi sé tekið. Varðandi lið 2 þar sem óskað er heimildar að rafknúnum vörubifreiðum verði leyft að aka á sérakreinum sem eingöngu strætó, leigubílum og neyðarumferð er heimilt að nota í dag skal hafa í huga að það mun þá tefja umferð á sérakreinum. Ef þessi fengju líka forgang þá þurfa aðrir að bíða. Að veita forgang kostar aðra alltaf eitthvað.

15. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um nýtingu bílahúsa, sbr. 34. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs, dags. 24. nóvember 2021. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 19. janúar 2023. USK21120060

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins hefur lagt fram nokkrar tillögur um að auka nýtingu bílastæðahúsa. Fram kemur í svari að mest er notkun á dagvinnutíma á virkum dögum. Í einhverjum húsum er einnig mikil notkun á fimmtudags og föstudagskvöldum. Innan vikunnar er minnsta notkunin í húsunum á sunnudögum. Minnst er notkunin að nóttu til en það er þó mismunandi á milli húsa frá því að vera innan við 10% í rúmlega 40% á Vesturgötu um helgi samkv. svari. Fulltrúa Flokks fólksins finnst það undarlegt að byggja bílahús og hafa nýtingu svo slaka sem raun ber vitni. Mikill skortur er á bílastæðum á götum og á meðan eru bílastæðahúsin hálf tóm. Margt er hægt að gera til að gera bílastæðahúsin meira aðlaðandi t.d. hafa meiri þjónustu og hafa þau opin allan sólarhringinn.

16. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um skilgreiningu á truflandi áhrifum, sbr. 29. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. nóvember 2022. Einnig er lagt fram svar skrifstofu stjórnsýslu og gæða, dags. 18. janúar

2023. USK22120012

17. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lýsingu í borgarlandi, sbr. 23. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23. nóvember 2022. Einnig er lagt fram svar skrifstofu borgarlandsins, dags. 16. janúar 2023. USK22110145

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins spurði um lýsingu í borginni en borgarbúar hafa kvartað vegna mikils myrkurs og rekja má slys til ónógrar lýsingar í borginni. Í svari kemur fram að um síðustu áramót var lýsing bætt. Allt jákvætt um það að segja. Í borginni eru þó að finna dimm svæði þar sem bæta þarf lýsingu. Verkefni af þessu tagi þarf að vera í stöðugri endurskoðun og taka þarf öllum ábendingum sem berast vel. En allt kostar þetta og vissulega þarf að forgangsraða. Ef borgin ætlar að vera einhver alvöru þátttakandi í Nordic Safe Cities um öruggar borgir er ekki nóg að hafa það á blaði.

18. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um umferðaröryggisaðgerðir í Skeifunni, sbr. 12. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 18. janúar 2023. Greinargerð fylgir tillögunni. Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar í vinnu um umferðaröryggisáætlun. USK23010201
19. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Norðlingabraut, sbr. 13. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 18. janúar 2023. Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar í vinnu um umferðaröryggisáætlun. USK23010213
20. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Skógarsel, sbr. 14. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 18. janúar 2023. Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Í von um skjóta og góða úrlausn samþykkja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins þá afgreiðslu að tillögunni verði vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða. Einfaldara og betra hefði þó verið að vísa erindinu beint til Sorpu bs., sem sér um rekstur og losun umræddrar grenndarstöðvar við Skógarsel.

Kl. 11:37 vikur Líf Magneudóttir af fundi. USK23010212

21. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að fulltrúi leigjenda sitji í ráðinu, sbr 32. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023. Greinargerð fylgir tillögunni. Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. USK23010114

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Breytingar á samþykktum þurfa að fara í gengum forsætisnefnd og borgarstjórn. Af okkar hálfu væri ekki rétt að bjóða fulltrúum hagaðila sæti í ráðinu. Það myndi

strax kalla á óskir um að áheyrnarfulltrúum hagaðila væri fjölgað, með tilheyrandi, kostnaði og flækjustigi. Tillögunni er því vísað frá.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Samtök leigjenda hafa verið til í áratug og fengið umboð þúsunda leigjenda, verkalýðshreyfinga og stjórnvalda. Þarna er um samtök með mikla þekkingu á málum leigjenda að ræða. Leiguverð í Reykjavík og aðstæður leigjenda hafa versnað til muna að undanfögnu. Í kosningabaráttunni voru flestir borgarfulltrúar opnir fyrir því að berjast fyrir leigubaki/bremsu. En eftir þær var ljóst að gjörðir fylgdu ekki orðum. Í stað þess að beita sér fyrir hagsmunum leigjenda hefur umhverfis- og skipulagsráð ítrekað veitt verktökum og lóðabröskurum völdin yfir húsnæðismálunum. Þeirra hagsmunir ráða alfarið för. Þegar síðan er lagt til að leigjendur hafi eitthvað um þau mál að segja bregst meirihlutinn við með mikilli vörn.

22. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að borgin dragi til baka útvistanir í snjómokstri, sbr. 31. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023. Greinargerð fylgir tillögunni.  
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins. USK23010115
23. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Vinsti grænna um yfirlit forgangsröðunar fyrir árið 2023 á umferðaröryggi í húsagötum skv. Umferðaröryggisáætlun 2019-2023, sbr. 36. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023.  
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. USK23010145
24. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Vinsti grænna um framfylgd stefnumörkunar um fækkun bílastæða í borgarlandinu, sbr. 37. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023.  
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. USK23010146
25. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengi á viðburðum, sbr. 14. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 21. september 2022.  
Vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. USK22090117
26. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Svansvottun byggingar, sbr. 39. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023.  
Vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. USK23010113
27. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umferðamál, sbr. 40. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023.  
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.
- Kl. 11:56 vísar Marta Guðjónsdóttir af fundi. USK23010147
28. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Bifreiðar og strætisvagnar, hafa ítrekað lent í vandræðum í Fálkabakka vegna mikillar hálfu að undanfögnu. Um er að ræða þekkt og langvinnt vandamál en við slæmar aðstæður getur alvarleg hættu skapast í hálli brekkunni. Lagt er til að málið verði skoðað í samráði við Strætó bs. og viðeigandi úrbætur gerðar. Í því skyni að auka umferðaröryggi verði skoðaður sá kostur að hita upp götuna þar sem brattinn er mestur. Einnig verði skoðað að hafa þá strætisvagna á nagladekkjum, sem aka Fálkabakka í vetrarfærð. USK23010274

Frestað.

29. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Sósíalísta leggur til að Reykjavíkurborg geri úttekt á því hvernig íbúðir í borginni skiptast í eignar- og leiguíbúðir (með leiguíbúðum er átt við fjölda íbúða sem eru til leigu). Einnig verði kannað hvernig eignarhaldi á þeim leiguíbúðum er háttað, hve hátt hlutfall þeirra sé í eigu hagnaðardrífina/óhagnaðardrífina leigufélaga, einstaklinga, félaga á vegum verkalýðsfélaga, Félagsbústaða og annarra aðila sem átt gæti við. Auk þessa verði gerð úttekt á fjölda ósamþykktra íbúða sem vitað er að búið sé í eða grunur leikur á að búið sé í. Greinargerð fylgir tillögunni. USK23010270

Frestað.

30. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að borgin setji upp skautasvell í öllum hverfum Reykjavíkur. Þau séu starfandi yfir köldustu vetrarmánuðina. Aðgangur að þeim verði gjaldfrjál. Einnig er lagt til að boðið verði upp á að leigja skauta gegn vægu gjaldi. Umhverfis- og skipulagssvið tryggi uppsetningu og staðsetningu skautasvellanna, ÍTR sjái um reksturinn. Greinargerð fylgir tillögunni. USK23010272

Frestað.

31. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvernig eftirliti sé háttað vegna kvartana um ófullnægjandi þjónustu í almenningsamgöngum í Reykjavík. Ástæðan er endurteknar kvartanir fólks sem berast til Flokks fólksins vegna ófullnægjandi þjónustu strætó. Dæmi: Heilbrigðisstarfsmaður sem þarf að mæta snemma til vinnu og þarf því að taka fyrsta vagn dagsins. Viðkomandi lendir í því endurtekið að fyrsti vagn mætir alls ekki og eftir langa bið mætir loks næsti vagn. Heilbrigðisstarfsmaðurinn spyr ávallt hvers vegna viðkomandi vagn hafi ekki komið. Því miður hefur starfsmaðurinn ekki fengið skýringu eða afsökunarbeiðni frá vagnstjórum í öll þau fjögur skipti sem þetta hefur gerst undanfarnar fjórar vikur. Þessi einstaklingur er búinn að gefast upp og ætlar að fjárfesta í bíl en fjölskyldan hefur reynt að láta einn bíl duga fyrir fjölskylduna. Flokkur fólksins telur að það sé afar mikilvægt að fólk geti treyst því að útgefin áætlun standist. Traust til almenningsamgangna er algjört lykilatriði til að fá fólk til að nýta þær. Staðan í dag er þannig að almennigur lítur ekki á almenningsamgöngur sem raunverulegan valkost við einkabílinn. Þetta sjáum við og upplifum á degi hverjum með síaukinni bílaumferð. USK23010273

**Fundi slitið kl. 12:14**



Alexandra Briem

Hjálmar Sveinsson  
Pawel Bartoszek

Kjartan Magnússon  
Unnur Þöll Benediktsdóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 17. janúar kl. 10:40 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1194. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Nikulás Úlfar Másson, Snædís Karlsdóttir Bergmann, Harpa Dögg Kristinsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Vala Ragna Ingólfssdóttir og Vífill Björnsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Ármúli 4-6 - BN061428 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060954, þ.e. við suðurgafi er bætt við flóttastiga og útveggir klæddir áklæðningu, viðbyggingu ásamt lyftuhúsi á austurhlið og endurnýjun glugga í matshluta nr. 02 í húsi nr. 6 á lóð nr. 4-6 við Ármúla. Stækkun: 37,7 ferm., 136,9 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afriti teikninga hönnuðar dags. 3. maí 2022, afrit aðaluppdráttar samþykktir þann 14. desember 1995, 27. apríl 1995 og 6. október 1998, yfirlýsing eigenda dags. 22. ágúst 2022 og greinargerð brunahönnuðar dags. 22. ágúst 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. janúar 2023 fylgir erindi. Gjald kr.12.600.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
2. Depluhólar 8 - BN061682 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að grafið hefur verið út úr sökkulrýmum í kjallara, gerðir gluggar á þrjár hliðar og innréttuð íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 8 við Depluhóla. Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. maí 2014 og úrskurður ÚUA dags. 7. október 2016. Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Umsögn skipulagsfulltrúa dags 5. janúar 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 13.200.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
3. Eirhöfði 7 BN061148- fjölb. 96 íb. 4 stigagangar (A 21íb.-B 30íb.-C 28íb.-D 17íb.) kj.+bílg. Mhl.01. - BN061148 Sótt er um leyfi til að byggja steypt fjölbýlishús með 96 íbúðum, í fjórum byggingum ásamt bílgeymslu í einum matshluta, byggingarnar bera merkingu A-B-C og D og skiptist svo, í stigagangi A eru 21 íbúð á 4-6 hæðum, í stigagangi B eru 30 íbúðir á 7 hæðum, í stigagangi C eru 28 íbúðir á 6 hæðum og í stigagangi D eru 17 íbúðir á 6 hæðum, geymslur, tæknirými og bílgeymsla er í kjallara matshluta nr. 01 og inngarði bygginga, öll þök húsa eru flöt og útveggir einangraðir og klæddir áklæðningu að utanverðu á lóð nr. 7 við Eirhöfða. Stærð: 14.243,8 ferm., 40.880,7 rúmm. Erindi fylgir greinargerð um aðgengi dags. 8. desember 2022, greinargerð um einangrun, öryggismál og reiknuð U-gildi húsa 7A, 7B, 7C og 7D, skráð þann 16. nóvember 2022, skýringa teikningar hönnuðar, afrit af teikningu skipulagi lóðar og greingerð um ábygðarsvið hönnuða. Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 17. nóvember 2022. Gjald kr.12.600. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 8. desember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 8. desember 2022.  
  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
4. Framnesvegur 8 - USK22122938 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum innri breytingum á jarðhæð þar sem kjallari í rými 0001 hefur verið stækkaður og sameign í rými 0002 minnkuð og breytt

úr geymslu í þvottarhús með nýju inntaki á lóð nr. 8 við Framnesveg. Erindi fylgir samþykki þinglýstra eigenda dags. 16. desember 2022 og gátlisti vegna aðaluppdráttar.

Gjald kr. 14.000.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

5. Grandavegur 47 - breytingar - USK22122926 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060001, þ.e. fallið er frá lækkun lóðar við útvegg suðausturhliðar íbúðar 0005, gluggar og hurðir í breyttri mynd, hús á lóð nr. 47 við Grandaveg. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. desember 2022. Frestað. Vísað til athugasemda.
6. Grensásvegur 14 - BN061816 Sótt er um leyfi til að innrétta veitingarstað í fl. I tegund ?? fyrir 15 gesti í mhl. 01 rými 0102 í húsi á lóð nr. 14 við Grensásveg. Gjald kr. 13.200. Frestað. Vísað til athugasemda.
7. Grjótháls 1-3 - BN061720 Sótt er um stöðuleyfi fyrir gámi sem verður notaður í tímabundið notkun fyrir tilraunastarfsemin sem stoðtækjapjónustan sér um og verður staðsettur á austurhlið lóðar r. 1-3 við Grjótháls. Samþykki eiganda dags. 3. nóvember 2022 fylgir erindinu. Gjald kr. 13.200. Frestað. Sækja skal um byggingarleyfi.
8. Grundargerði 11 BN061828- áður gerðar framkv.+ síkka undurstöður undirst. bílskúrs+ stækkun(kjallari) + lóð - mhl.02. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. janúar 2023 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 16. janúar 2023. Frestað. Vísað til athugasemda.
9. Hallgerðargata 13 - USK22122964 Sótt er um leyfi til að merkja eldvarnarmerkingu á einn vegg í litlu salerni á heilsugæslustöðinni á 2. hæð, sem misfórst í upphaflegri umsókn BN059352. Meðfylgjandi er skýringarmynd. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
10. Jörfagrund 54-60 - BN060851 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059816, þ.e. lækka kóta aðkomuhæðar og aðkomuleiðir innan lóðar um 30 sm í húsum á lóð nr. 54-60 við Jörfagrund. Stærð: Óbreytt. Gjald kr.12.600. Frestað. Vísað til athugasemda.
11. Karlagata 11 - BN061879 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í fjölbýlishúsi á lóð nr. 11 við Karlagötu. Stærð: 173,8 ferm., 530,1 rúmm. Gjald kr. 13.200. Samþykkt. Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

12. Kringlan 1 - BN061614 Sótt er um að innrétta fyrir tímabundna notkun leikskólarými fyrir 130 börn á 1. hæð skrifstofuhúss á lóð nr. 1 við Kringluna. Gjald kr. 13.200.  
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.  
Laugavegur 20 - USK22122905 Sótt er um leyfi til að setja niður djúpgáma, fjórum 1.100 lítra gámum, fyrir 12 íbúðir og atvinnurými á jarðhæð, framan við hús nr. 20 og 20a, við Laugaveg.  
Stærð: x,x ferm., x,x rúmm.  
Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 7. desember 2022.  
Frestað.  
Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
13. Laugavegur 35 - BN061781 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059397, þ.e. breytingar gerðar á innra skipulagi íbúða 0203, 0303, 0210, 0309 og 0409, gluggar lækkaðir, fellt út eldvarnargler á annarri hæð á austurgafli, tæknirými og inntök færð, hjólageymsla minnkuð, verslunarrými 0206 stækkað og svalir þess felldar út, aukin lofthæð í hluta geymslna, brunahönnun uppfærð og lyftustokkur steypdur á þakhæð, í húsi á lóð nr. 35 við Laugaveg. Stækkun: 8,5 ferm., 52,5 rúmm. Stærð eftir br.: 2.809,8 ferm., 8.294,1 rúmm. Gjald kr. 13.200.  
Frestað.  
Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
14. Lynghagi 20 - USK22122877 Sótt er um leyfi fyrir stakstæðri bílgeymslu á einni hæð með einhalla timburpaki, steinsteyptur útveggir á lóðarmörkum, aðrir eru léttbyggðir með standandi timbur klæðningu, matshluti nr. 02, við hús á lóð nr. 20 við Lynghaga.  
Stærð: 56,0 ferm., 158,8 rúmm.  
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 3. desember 2022 og útgefið mælibleið 1.554.1.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
15. Seljavegur 2 - BN061355 Fellt er úr gildi erindi BN061355 samkvæmt beiðni frá aðalhönnuði dags. 20. október 2022. Minnkun mhl. 05: 57,7 ferm.  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
16. Skaftahlíð 32 - USK22122890 Sótt er um leyfi til þess að minnka íbúð 0001 og stækka sem því nemur íbúð 0101, opna á milli hæða, og koma fyrir hringstiga, einnig er sótt um leyfi til þess að breyta innra skipulagi íbúðar 0101, fækka herbergjum og stækka stofu með því að fjarlægja burðarveggi á 1. hæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 32 við Skaftahlíð.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
17. Starmýri 2 - BN061822 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058605, breytt skráning á hluta sameignar í sameign sumra, innan rýmis 03-0102 eru baðherbergi breytt og komið fyrir þvottaherbergi og reistir veggir utan um stiga í stigahúsi á fjórðu hæð matshluta nr. 03, í húsi nr. 2A á lóð nr. 2 við Starmýri. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afriti teikninga hönnuðar dags. 24. ágúst 2022. Gjald kr. 13.200.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
18. Suðurlandsbraut 8 - BN061750 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050317 þannig að komið er fyrir skábraut til að bæta aðgengi að stigagangi 0404 svo og aðrar innri breytingar sem hafa verið framkvæmdar á 1. hæð í húsi nr. 10 á lóð nr. 8 við Suðurlandsbraut.  
Bréf frá hönnuði dags. 7. nóvember. 2022 fylgir erindi.

Tölvupóstur frá hönnuði dags. 16 nóvember 2022 þar sem hann óskar eftir að draga til baka erindi : BN058873, BN058874, BN058875 og BN058876  
Gjald kr. 13.200. BN061750  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

19. Sundlaugavegur 30 - BN061882 Sótt er um leyfi til þess að innrétta hárgreiðslustofu í kjallara heilsuræktarstöðvar í húsi nr. 30A, mhl.05, á lóð nr. 30 við Sundlaugarveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningum stimpluðum 22. maí 2007 og 15. nóvember 2014. Gjald kr. 13.200.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
20. Thorsvegur 1 - BN061885 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061156, hækkun aksturshurðar á austurhlíð tengivirkis, matshluta nr. 01, hús á lóð nr. 1 við Thorsveg. Erindi fylgir óundirrituð smækkuð afrit teikninga hönnuðar dags. br.8.8.2022. Gjald 13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
21. Tómasarhagi 32 - BN061473 Sótt er um leyfi til að gera stiga milli íbúða í kjallara og á 1. hæð og sameina í eina eign, færa sorp út á lóð og breyta eignaskiptum í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 32 við Tómasarhaga. Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda dags. 6. júlí 2022. Gjald kr. 12.600.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
22. Óðinsgata 5 - BN061684 Sótt er um leyfi til að breyta brunalýsingu og koma fyrir nýjum svölum, 0207, á norðurhlíð húss á lóð nr. 5 við Óðinsgötu. Umsögn Minjastofnunar Íslands dags 31. október 2022 fylgir erindi. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 21. nóvember 2022. Gjald kr. 13.200.  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
23. Vesturgata 64 - BN061373 Sótt er um leyfi til að stækka bílakjallara, mhl. 08 og byggja þrjú steinsteypt fjölbýlishús, þriggja og fimm hæða með 58 íbúðum, einangruð og klædd að utan á lóð nr. 64 við Vesturgötu. Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 12. ágúst 2022 og samantekt á brunavörnum frá Mannvit dags. 1. júlí 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 27. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 27. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. október 2022. Stærð, mhl. 04: 2.456,4 ferm., 6.753,1 rúmm.Mhl. 05: 2.644,2 ferm., 7.161,7 rúmm.Mhl. 06: 1.840,1 ferm., 6.137,1 rúmm.Mhl. 08, stækkun bílageymslu: xx Gjald kr. 12.600.  
Frestað.  
Lagfæra skráningartöflu.
24. Viðarhöfði 3 - USK22122891 Breyting inni: Húsinu skipt í þrjár aðskildar notaeiningar, verkstæði, stórelldhús og lager. Jafnframt lítils háttar breyting á gluggum og hurðum að utan.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

25. Víðimelur 66 - BN061443 Sótt er um leyfi til að byggja skúr, staðsteyptar undirstöður og botnplötu, útveggir og þak úr timbri, í norðurhorni lóðar við húss á lóð nr. 66 við Víðimel. Stærð mhl. 02: 24,7 ferm., 67,9 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 29. september 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 29. september 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. janúar 2023 fylgir erindi. Gjald kr. 12.600.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

#### **Fundi slitið kl. 12:40**

Nikulás Úlfar Másson  
Snædís Karlsdóttir Bergmann  
Harpa Dögg Kristinsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Vala Ragna Ingólfssdóttir  
Vífill Björnsson  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir